# ALMENNAR STAÐARREGLUR 2023
# UM HEGÐUN LEIKMANNA

Leikmenn skulu við þátttöku sína í mótum á vegum Golfsambands Íslands haga framkomu sinni allri í samræmi við 10. gr. móta- og keppendareglna GSÍ og samkvæmt siðareglum ÍSÍ og hegðunarviðmiðum þess.

Brot á hegðunarreglunum geta varðað vítum, samanber eftirfarandi dæmi.

| Eðli brots | Fyrsta brot | Annað brot | Þriðja brot | Fjórða brot |
|---|---|---|---|---|
| **Minniháttar brot, t.d.:**<br>• Truflun, t.d. vegna síma.<br>• Torfusneplar ekki settir á sinn stað. | Áminning | Eitt vítahögg | Almennt víti | Frávísun |
| **Almenn brot, t.d.:**<br>• Óvirðing við starfsmenn eða aðra leikmenn.<br>• Kasta kylfu í bræðiskasti. | Eitt vítahögg | Almennt víti | Frávísun | |
| **Alvarleg brot, t.d.:**<br>• Óþarfa skemmdir á flötum.<br>• Kasta kylfu í bræðiskasti og setja einhvern einstakling í hættu. | Almennt víti | Frávísun | | |
| **Mjög alvarleg brot, t.d.:**<br>• Líkamsárás.<br>• Að hafa rangt við.<br>• Neysla vímuefna. | Frávísun | | | |

Brot safnast upp innan sama móts, þ.e. horft er á keppnina í heild sinni þegar litið er til endurtekinna brota.

Framangreind dæmi eru alls ekki tæmandi heldur einungis til viðmiðunar. Lokaákvörðun um víti er ávallt í höndum dómara og mótsstjórnar.

*Þannig samþykkt af stjórn Golfsambands Íslands 20. mars 2023*